

Til stjórnskipunar- og  
eftirlitsnefndar Alþingis  
B.t. formanns  
fr. Valgerðar Bjarnadóttur, alþm.

Reykjavík, 6. sept. 2012

Undirritaðir eru í hópi áhugamanna sem láta sér annt um velferð Skálholtsstaðar. Við leyfum okkur að vekja athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á bréfi Ríkisendurskoðunar til forseta Alþingis dags. 28. júní 2012 þar sem greint er frá því að Ríkisendurskoðun hafi lokið athugun sinni „á ráðstöfun styrkja úr ríkissjóði til Félags áhugafólks um uppbyggingu Þorlákshúðar“ í Skálholti.

Sérstaka athygli vekur að Ríkisendurskoðun þurfti að senda svonefndu Þorlákshúðarfélagi þrjú formleg bréf (18. janúar 2012, 24. febrúar 2012 og 26. mars 2012) til þess að afla upplýsinga um hvernig félagið hefði ráðstafað fjármunum sem það fékk úr ríkissjóði á árunum 2008 til 2011 samtals 9,4 m.kr. Þorlákshúðarfélagið hefur auk ofangreinds fengið samtals þrjár milljónir króna úr sjóðum Þjóðkirkjunnar.

Í bréfi Ríkisendurskoðunar kemur m.a. eftirfarandi fram:

1. Reikningar félagsins hafa ekki verið endurskoðaðir og engar ársskýrslur hafa verið gerðar.
2. Löggiltur endurskoðandi hefur aldrei farið yfir reikninga félagsins heldur eru þeir uppsettir af „viðurkenndum bókará“ eins og segir í bréfi Ríkisendurskoðunar.
3. Í bréfinu kemur fram að Þorlákshúðarfélagið eigi „einnig von á reikningum upp á nokkrar milljónir vegna þegar unninna verka“, sem ekki var skilgreint nánar.

Okkur þykir ljóst að athugun Ríkisendurskoðunar á ráðstöfun opinberra fjármuna sem svonefnt Þorlákshúðarfélags hefur fengið er ekki mjög ítarleg. Nokkra furðu vekur að Ríkisendurskoðun telur að „könnunin gefi ekki tilefni athugasemda.“ Mörgum spurningum er ósvarað í þessari könnun. Ekki verður séð að nein athugun hafi farið fram á fylgiskjölum, sem þó ættu að vera undirstaða og forsenda reikningsgerðar, hvergi kemur fram hve mikið og hverjum hefur verið greitt fyrir vinnu, hvaðan efni hefur verið keypt og fyrir hve háar upphæðir.

Í ljósi þess að hér er um umtalsvert fé úr opinberum sjóðum að ræða beinum við því til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis að nefndin hlutist til um að Ríkisendurskoðun kanni með ítarlegri hætti hvernig þeim fjármunum sem nefnt Þorláksbúðarfélag hefur fengið úr opinberum sjóðum landsmanna hefur verið ráðstafað við gerð þessa tilgátuhúss sem reist hefur verið við vegg Skálholtsdómkirkju.

Virðingarfyllst,

 Ht. 071139-4339

Jón Dileon Magnússon 120941-4459

L. Þjóðbjörn Þorsson 200452-7719

Ólafur Þorsteinsson 020235-4629